

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalabyggð og hreinsun rotþróa í Dalabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 800/2014 um fráveitur í Dalabyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

150 mm tenging eða minni	185.000 kr./tenging
200 mm tenging	300.000 kr./tenging

Fyrir stærri heimtaugar greiðist raunkostnaður.

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur. Fyrir nýbyggingu skal ávallt leggja tvöfalt kerfi að lóðarmörkum. Á nýjum svæðum eru stofnlagnir aðgreindar.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Fráveitugjald skal nema 0,19% af álagningarstofni fasteigna. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>kr.</i>
0-2.000	11.726
2.001-4.000	14.709
4.001-6.000	16.749
6.001-8.000	20.698
8.001-10.000	27.369
Rotþró > 10.000	7.821 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 4.665 kr. Rotþró er tæmd þriðja hvert ár. Ákveði eigandi/forráðamaður eignar að tæma oftar greiðir hann allan kostnað af slíku.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögsveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 11. desember 2025 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 17/2025.

Búðardal, 15. desember 2025.

Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 20. janúar 2026